

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 991

Dagsetning: 15. ágúst klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Óskar Reykdalsson, Elís Reynarsson, Guðlaug Unnur Þorsteinsdóttir, Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir, Sigríður Dóra Magnúsdóttir, og Svava Kristín Þorkelsdóttir, sem ritaði fundargerð.

I. Efni til kynningar

1. Fundir á næstunni

Farið var yfir fundi framkvæmdastjórnar í vikunni.

2. Endurskoðaðar rekstraráætlanir

Farið var yfir endurskoðaðar rekstraráætlanir nokkurra starfseininga.

3. Fjölskyldudagurinn og næstu skemmtanir

Rætt um fjölskyldudaginn sem haldinn var um helgina. Almenn ánægja var með skemmtunina.

II. Efni til umræðu

4. Samningamál

Rætt um ýmsa samninga sem unnið er að, svo sem um húsaleigu, verktöku og fleira.

5. Húsnæðismál

Rætt um gang í framkvæmdum við endurbætur á Heilsugæslunni Grafarvogi og hvernig rekstur stöðvarinnar gengur í tímabundnu húsnæði í Árbæ.

6. Gott að eldast

Umræður um þátttöku HH í verkefninu Gott að eldast.

7. Fagstjórafundir í vetur

Rætt um fyrirkomulag fagstjórafunda í haust og vetur.

8. Starfsmannamál

Umræður um ýmis starfsmannamál, til að mynda reglur um námsleyfi lækna.

Önnur mál

9. Afkastaútreikningar

Rætt um að vinna áfram með útreikninga á afköstum starfseininga og kynna í framkvæmdastjórn fljótlega.

10. Innra eftirlit

Rætt um fyrirkomulag innra eftirlits hjá HH.

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 11:00